



**Stefna og starfsáætlun
Ársfundur 20. maí 2021**

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. <u>Stefna 2021-2025 sem skiptist í fjóra flokka:</u>	2
a) Framtíðarsýn.....	2
b) Hlutverk	2
c) Grunnildi í starfi	2
d) <u>Starfsmarkmið, aðgerðir og mælikvarðar sem skiptast í fjóra flokka:</u>	3
e) Fjármál og rekstur	3
f) Aðstaða og faglegt starf	4
g) Miðlun upplýsinga.....	6
h) Ytra samstarf	7
3. Starfsáætlun 2021-2022.....	9
4. Yfirlit yfir gögn sem voru notuð við að móta drög að stefnu og starfsáætlun.....	11

1. Inngangur

Í 4. gr. skipulagsskrár AkureyrarAkademíunnar segir:

Starfsstefna og markmið

Starfsstefna Akureyrarakademíunnar er endurskoðuð á fjögurra ára fresti af stjórn í samræmi við eftirfarandi markmið sem eru grunnur að starfsemi:

- a) að vera aflvaki fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra, með sérstakri áherslu á þverfaglegar rannsóknir og alþjóðlegt samstarf,
- b) að reka miðstöð sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi,
- c) að efla rannsóknir á atvinnulífi, náttúrufari, menningu og samfélagi,
- d) að vera vettvangur umræðu á Norðurlandi um samfélag og menningu,
- e) að stuðla að samstarfi einstaklinga, atvinnulíf, stofnana og opinberra aðila á Norðurlandi með sérstakri áherslu á menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Í september 2020 efndi stjórn AkAk til umræðufundar með fulltrúum um mótun starfsstefnu AkAk samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þar sem unnið var með framtíðarsýn, úrbótahugmyndir og forgangsverkefni. Skýr samhljómur kom fram um að leggja þyrfti áherslu á fjögur meginsvið í starfsmarkmiðum og aðgerðum AkAk:

- a) Fjármál og rekstur,
- b) Aðstaða og faglegt starf,
- b) Miðlun upplýsinga,
- d) Ytra samstarf.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa unnið með efnivið umræðufundarins og gerðu áætlanir ráð fyrir að í framhaldinu væru haldnir fleiri samræðufundir með fulltrúum um drög að starfsstefnu og starfsáætlun. Áhrif kórónaveirunnar settu þær úr skorðum og því fór stjórn þá leið að koma drögum fyrir á netinu og að leita til fulltrúa um álit á þeim og bærust gagnlegar ábendingar sem brugðist var við.

Stjórn leggur drög að starfsstefnu og starfsáætlun AkAk fyrir ársfundinn til umræðu og samþykktar. Drögin fela í sér tillögur um framtíðarsýn og hlutverk AkAk, gildi í starfi, starfsmarkmið, aðgerðir og mælikvarða sem byggjast á ofangreindum fjórum sviðum, sem og starfsáætlun.

Stjórn bendir á að auk niðurstaðna umræðufundarins var ýmislegt fleira efni haft til hliðsjónar í vinnu að því að móta starfsstefnu og starfsáætlun og er yfirlit yfir það aftast í þessu skjali.

Stjórn þakkar fulltrúum fyrir þeirra framlag til mótun starfsstefnu AkAk og ánægjulegt samstarf.

Akureyri, 19. maí 2021

F.h. stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Steinunn A. Ólafsdóttir formaður

2. Stefna AkureyrarAkademíunnar 2021-2025

a) Framtíðarsýn

AkureyrarAkademían býður upp á eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir fólk á Norðurlandi til að vinna að fræða- og ritstörfum og er mikilvægur samstarfsaðili almennings, fyrirtækja, stofnana og opinberra aðila um samfélag, vísindi og menningu.

b) Hlutverk

Hlutverk AkureyrarAkademíunnar er að veita háskólanemum á Norðurlandi og þeim sem sinna fræði- og ritstörfum aðgengilega aðstöðu til að vinna að hugðarefnum sínum með því að starfrækja öflugt fræða- og menningarsetur á Akureyri með áherslu á þverfaglegt og lifandi þekkingarsamfélag um menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun. AkureyrarAkademían skapar brú milli fræða og samfélags með miðlun og samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.

c) Grunnildi í starfi

AkureyrarAkademían er sjálfstætt og traust þekkingarsamfélag sem hefur fagmennsku, sköpun og samstarf að leiðarljósi.

- **Fagmennska**

Við erum faglegir bakhjarlar háskólanema og þeirra sem sinna fræði- og ritstörfum á Norðurlandi og sköpum brú milli fræða og samfélags með miðlun og samstarfi. Við sýnum færni og ábyrgð í störfum okkar.

- **Sköpun**

Við erum hugmyndarík og skapandi, hvetjum og styðjum og miðlum ferskum straumum inn í samfélagið.

- **Samstarf**

Við setjum markið hátt og trúum því að saman náum við betri árangri sem samfélag. Við brúum bil með því að hvetja til fjölfaglegs samstarfs um samfélag, vísindi og menningu og virkjum og tengjum saman ólíka aðila.

d) Starfsmarkmið, aðgerðir og mælikvarðar

Starfsmarkmið, aðgerðir og mælikvarðar skiptast í fjóra flokka:

- a) Fjármál og rekstur
- b) Aðstaða og faglegt starf
- c) Miðlun upplýsinga
- d) Ytra samstarf

Hér á eftir er gerð grein fyrir markmiðum, aðgerðum og mælikvörðum sem AkureyrarAkademían setur sér fyrir tímabilið 2021-2025.

Fjármál og rekstur		
Starfsmarkmið	Aðgerðir	Mælikvarðar
Að tryggja öryggi í fjármálum og stöðugleika í rekstri	Að endurnýja samstarfssamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fjárveitingar fyrir árin 2021-2024	Endurnýjaður samstarfssamningur Ársreikningar og rekstraráætlanir sýni stöðuga afkomu A.m.k. 80% vinnuaðstöðu sé í leigu hverju sinni. Upplýsingar um nýtingu á vinnuaðstöðu og faglega virkni á vettvangi AkAk
	Að halda góðum tengslum við mennta- og menningarmálaráðuneytið með samráðsfundum og miðlun upplýsinga um fjármál og starfsemi AkAk	Fjöldi árlegra samráðsfunda Skil á upplýsingum (starfsskýrslur, ársreikningar, rekstrar- og starfsáætlanir)
	Að afla styrkja til að standa straum af kostnaði við viðburði og önnur verkefni	Fjöldi og upphæðir styrkveitinga á ári

Aðstaða og faglegt starf		
Starfsmarkmið	Aðgerðir	Mælikvarðar
<p>Að veita háskólanemum á Norðurlandi og þeim sem sinna fræði- og ritstörfum aðgengilega aðstöðu til að vinna að hugðarefnum sínum með því að reka öflugt fræða- og menningarsetur á Akureyri á Akureyri með áherslu á þverfaglegt og lifandi þekkingarsamfélag um menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun.</p>	<p>Að bjóða upp á aðgengilegt vinnurými og næði til ritstarfa, aðstöðu til námskeiða- og fundarhalds og kaffi- og mataraðstöðu</p> <p>Að koma fyrir yfirliti um rannsóknarsjóði og sjóðadagatali á vef AkAk</p> <p>Að miðla upplýsingum um styrki til fulltrúa</p> <p>Að veita aðstoð við styrkumsóknir og önnur verkefni eins og með þarf</p>	<p>Viðhorfskönnun meðal fulltrúa til húsnæðis, aðstöðu og þjónustu AkAk</p> <p>Upplýsingar á vef um rannsóknarsjóði og sjóðadagatal</p> <p>Aðstoð við styrkumsóknir og við önnur verkefni</p>
<p>Að efla samveru fulltrúa og þverfaglegt samstarf á vettvangi AkAk</p>	<p>Að halda reglulega súpufundi þar sem rætt um starfsemi AkAk</p> <p>Að fulltrúar kynni verkefni sín fyrir öðrum fulltrúum þegar eftir því er leitað</p> <p>Að fulltrúar haldi námskeið fyrir aðra fulltrúa þegar eftir því er leitað</p> <p>Að fulltrúar taki þátt í daglegu starfi á vettvangi AkAk og leggi sitt af mörkum til starfseminnar</p> <p>Að fulltrúar taki þátt í að skapa góðan starfsanda og stuðli að góðum samskiptaháttum</p> <p>Að AkAk setji fram leiðbeiningar um umgengni í húsnæði AkAk og góða samskiptahætti</p> <p>Að halda jólaboð og fara í vorferð</p>	<p>Fjöldi súpufunda, jólaboð haldið og farið í vorferð</p> <p>Fjöldi kynninga og námskeiða</p> <p>Leiðbeiningar settar fram um umgengni í húsnæði AkAk og góða samskiptahætti</p>

<p>Að gæta að jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum í starfsemi AkAk</p>	<p>Að fulltrúar taki þátt í að gæta að jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum í umgengni og samskiptum á vettvangi AkAk. Einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin innan stofnunarinnar.</p> <p>Að AkAk setji fram leiðbeiningar um jafnréttis- og mannréttindasjónarmið innan AkAk</p>	<p>Leiðbeiningar settar fram um jafnréttis- og mannréttindasjónarmið innan AkAk</p>
<p>Að gæta að umhverfissjónarmiðum og sjálfbærni í starfsemi AkAk</p>	<p>Að fulltrúar taki þátt í að vinna gegn sóun og gæta að umhverfissjónarmiðum með því að flokka sorp og farga og að endurnýta pappír og umbúðir</p> <p>AkAk hafi umhverfissjónarmið til hliðsjónar við innkaup og taki saman leiðbeiningar um flokkun, förgun og endurnýtingu</p>	<p>Flokkunarílát til staðar og leiðbeiningar settar fram um flokkun, förgun og endurnýtingu</p>

Miðlun upplýsinga		
Starfsmarkmið	Aðgerðir	Mælikvarðar
Að efla miðlun upplýsinga um starf á vettvangi AkAk á heimasíðu og samfélagsmiðlum til að auka sýnileika akademíunnar í samfélaginu	<p>Að gefa út yfirlit yfir verk akademóna sem þeir hafa unnið að á vettvangi AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þessa dags</p> <p>Að gera yfirlitið aðgengilegt á miðlum AkAk og gefa út á prenti</p> <p>Að nota yfirlitið til að vekja athygli á og kynna fræðastarf á vettvangi AkAk</p>	<p>Yfirlitið liggur fyrir, gert aðgengilegt á miðlum AkAk, gefið út á prenti og sent til ýmissa aðila</p> <p>Fundir með ýmsum aðilum til að kynna yfirlitið</p> <p>Eftirfylgni með kynningarstarfi</p>
	Að gefa út fréttabréf annan hvern mánuð fyrir fulltrúa og samstarfsaðila þar sem greint er frá því helsta sem er efst á baugi í starfsemi AkAk	<p>Tíðni fréttabréfa</p> <p>Viðbrögð við fréttabréfum á miðlum AkAk</p>
	<p>Að efla miðlun á vefsíðu og samfélagsmiðlum um starf og viðburði á vettvangi AkAk</p> <p>Að leita nýrra leiða við miðlun upplýsinga um starf og verkefni á vettvangi AkAk m.a. með samstarfi við svæðismiðla</p>	<p>Fjöldi fréttu á miðlum AkAk um starf og viðburði á vettvangi AkAk</p> <p>Áætlun um nýjar leiðir við miðlun</p>
	<p>Að móta viðburðaáætlun um opið hús, kynningar og aðra opna viðburði á vegum AkAk, s.s. fyrirlestra, málþing og ráðstefnur</p> <p>Að koma upp viðburðadagatali á vef AkAk</p>	<p>Viðburðaáætlun liggur fyrir og viðburðadagatal á netinu</p> <p>Fjöldi viðburða og aðsókn að þeim</p> <p>Viðhorf til viðburða hjá þeim sem sækja þá</p> <p>Umfjöllun og athygli sem viðburðir fá í samfélaginu og svæðismiðlum</p>

Ytra samstarf		
Starfsmarkmið	Aðgerðir	Mælikvarðar
Að skapa brú milli fræða og samfélags með samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.	Að efla samstarf við Háskólann á Akureyri (HA) með því að koma á föstum samstarfsvettvangi AkAk og HA Að aðilar standi saman að fyrirlestrum, málþingum og ráðstefnum	Samningur um fastan samstarfsvettvang Fjöldi sameiginlegra viðburða
	Að efla samstarf við ReykjavíkúAkademiuna (RA) samkvæmt markmiðum endurnýjaðs samstarfssamnings akademianna um: Samráðsfundi og málþing, Miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga, Rannsóknir og miðlun, Nýtingu aðstöðu og húsnæðis.	Fjöldi sameiginlegra funda og samstarfsverkefna Fjöldi fræðimanna RA sem nýtir sér vinnuaðstöðu hjá AkAk
	Að viðhalda samstarfi við öldrunarheimilin á Akureyri um fyrirlestra fyrir íbúa heimilanna og aðra borgara í bænum um fræðandi viðfangsefni	Fjöldi fyrirlestra
	Að gera samstarfssamning við Akureyrarbæ um leigu á vinnuaðstöðu hjá AkAk fyrir einstaklinga sem vinna að mótun hugmynda á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlafræða Að koma á föstum vettvangi aðila um samstarfið og móta verklagsreglur um framkvæmd samningsins	Samningur AkAk og Akureyrarbæjar gerður, fastur vettvangur aðila um samstarf og verklagsreglur um framkvæmd Fjöldi einstaklinga sem nýtir vinnuaðstöðuna og fagleg virkni
	Að efla tengsl við önnur þekkingar- og fræðasetur á landsbyggð með því að sækja um aðild að Samtökum þekkingarsetra (SPS)	Samningur um aðild AkAk að Samtökum þekkingarsetra

	<p>Að efla tengsl við vísindastofnanir og atvinnulíf á Norðurlandi með því að taka saman yfirlit yfir stofnanir og aðila í atvinnulífinu sem AkAk leggur áherslu á að ná tengslum við</p> <p>Að kanna grundvöll og koma á samstarfi við valdar stofnanir og aðila í atvinnulífinu</p>	<p>Yfirlit yfir vísindastofnanir og aðila í atvinnulífinu</p> <p>Fjöldi samstarfssamninga</p>
--	---	---

3. Starfsáætlun starfsárið 2021-2022

Starfsáætlunin skiptist í fjóra kafla:

- a) Fjármál og rekstur
- b) Aðstaða og faglegt starf
- c) Miðlun upplýsinga
- d) Ytra samstarf

a) Fjármál og rekstur

Markmið:

- Að tryggja öryggi í fjármálum og stöðugleika í rekstri.

Verkefni starfsársins:

- Að endurnýja samstarfssamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um fjárveitingar fyrir árin 2021-2024
- Að halda góðum tengslum við mennta- og menningarmálaráðuneytið með samráðsfundum og miðlun upplýsinga um fjármál og starfsemi AkAk
- Að afla styrkja til að standa straum af kostnaði við viðburði og önnur verkefni

b) Aðstaða og faglegt starf

Markmið:

- Að veita háskólanemum á Norðurlandi og þeim sem sinna fræði- og ritstörfum aðgengilega aðstöðu til að vinna að hugðarefnum sínum með því að reka öflugt fræða- og menningarsetur á Akureyri á Akureyri með áherslu á þverfaglegt og lifandi þekkingarsamfélag um menntun, menningu, rannsóknir og nýsköpun.
- Að efla samveru fulltrúa og þverfaglegt samstarf á vettvangi AkAk
- Að gæta að jafnréttis-, mannréttinda- og umhverfissjónarmiðum í starfsemi AkAk

Verkefni starfsársins:

- Að bjóða upp á aðgengilegt vinnurými og næði til ritstarfa, aðstöðu til námskeiða- og fundarhalds og kaffi- og mataraðstöðu
- Að koma fyrir yfirliti um rannsóknarsjóði á vef AkAk og sjóðadagatali og miðla upplýsingum um styrki til fulltrúa
- Að veita aðstoð við styrkumsóknir og önnur verkefni eins og með þarf
- Að halda súpufundi, jólaboð og fara í vorferð
- Að fulltrúar kynni verkefni sín fyrir öðrum fulltrúum og haldi námskeið fyrir þá þegar eftir því er leitað
- Að fulltrúar taki þátt í daglegu starfi á vettvangi AkAk og leggi sitt af mörkum til starfseminnar, skapi góðan starfsanda og stuðli að góðum samskiptaháttum
- Að fulltrúar taki þátt í að gæta að jafnréttis-, mannréttinda- og umhverfissjónarmiðum í umgengni og samskiptum á vettvangi AkAk
- Að AkAk setji fram leiðbeiningar um umgengni í húsnæði AkAk, góða samskiptahætti, og í jafnréttis-, mannréttinda- og umhverfismálum.

c) Miðlun upplýsinga

Markmið:

- Að efla miðlun upplýsinga um starf á vettvangi AkAk á heimasíðu og samfélagsmiðlum til að auka sýnileika akademíunnar í samfélaginu

Verkefni starfsársins:

- Að gefa út yfirlit yfir verk akademóna sem þeir hafa unnið að á vettvangi AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þessa dags, gera það aðgengilegt á miðlum AkAk og gefa út á prenti og að nota það til að vekja athygli á og kynna fræðastarf á vettvangi AkAk
- Að gefa út fréttabréf annan hvern mánuð fyrir fulltrúa og samstarfsaðila þar sem greint er frá því helsta sem er efst á baugi í starfsemi AkAk
- Að efla miðlun á vefsíðu og samfélagsmiðlum um starf og viðburði á vettvangi AkAk
- Að leita nýrra leiða við miðlun upplýsinga um starf og verkefni á vettvangi AkAk m.a. með samstarfi við svæðismiðla
- Að móta viðburðáætlun um opið hús, kynningar og aðra opna viðburði á vegum AkAk, s.s. fyrirlestra, málþing og ráðstefnur, og að koma upp viðburðadagatali á vef AkAk

d) Ytra samstarf

Markmið:

- Að skapa brú milli fræða og samfélags með samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.

Verkefni starfsársins:

- Að efla samstarf við Háskólann á Akureyri (HA) með því að koma á föstum samstarfsvettvangi AkAk og HA og sameiginlegu viðburðahaldi
- Að efla samstarf við ReykjavíkúAkademíuna (RA) samkvæmt markmiðum endurnýjaðs samstarfssamnings akademíanna um samráðsfundi og málþing, miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga, rannsóknir og miðlun og nýtingu aðstöðu og húsnæðis
- Að viðhalda samstarfi við öldrunarheimilin á Akureyri um fyrirlestra fyrir íbúa heimilanna og aðra borgara í bænum um fræðandi viðfangsefni
- Að gera samstarfssamning við Akureyrarbæ um leigu á vinnuaðstöðu hjá AkAk fyrir einstaklinga sem vinna að mótun hugmynda á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlafræða, að koma á föstum vettvangi aðila um samstarfið og móta verklagsreglur um framkvæmd samnings
- Að efla tengsl við önnur þekkingar- og fræðasetur á landsbyggð með því að sækja um aðild að Samtökum þekkingarsetra (SPS)
- Að efla tengsl við vísindastofnanir og atvinnulíf á Norðurlandi með því að taka saman yfirlit yfir stofnanir og aðila í atvinnulífinu sem AkAk leggur áherslu á að ná tengslum við og að kanna grundvöll og koma á samstarfi við valdar stofnanir og aðila

4. Yfirlit yfir gögn sem voru notuð við að móta drög að stefnu og starfsáætlun AkAk:

- Niðurstöður umræðufundar fulltrúa AkAk í september 2020.
- Samstarfssamningur AkureyrarAkademíunnar og mennta- og menningarmálaráðuneytis 2015-2020.
- Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun, einkum markmið 5 um jafnrétti kynjanna, markmið 9 um nýsköpun og uppbyggingu og markmið 11 um sjálfbærar borgir og samfélög.
- Meginmarkmið Vísinda- og tækniráðs um að efla verðmætasköpun sem byggist á hugviti og fjölgja störfum í þekkingargreinum, að rannsóknir og nýsköpun nýtist samfélaginu við að takast á við samfélagslegar áskoranir.
- Aðgerð 8 í Vísinda- og tæknistefnu 2020-2022 um að efla miðlun vísinda og tækni frá háskólum og rannsóknarstofnunum til almennings, skólastiga og stjórnvalda, auka sýnileika vísinda og efla stöðu þeirra í íslensku samfélagi, stuðla að almennri umræðu um samhengi vísinda við samfélagslegar áskoranir með framtíðina í huga og varpa ljósi á hlutdeild vísinda í íslenskrari menningu.
- Markmið í fjárlagafrumvarpi 2021 um að auka áhrif og tengsl háskóla og rannsóknarstofnana í samfélaginu með því að auka miðlun vísinda og tækni til almennings, skólastiga og stjórnvalda.
- Fjármálaáætlun stjórnvalda 2021-2025 um háskólastigið en þar kemur fram að starfsemi rannsóknar-, fræða- og þekkingarsetra á landsbyggðinni heyrir þar undir og að hlutverk setranna sé að efla þekkingarstarfsemi og rannsóknir í nærsamfélagi.
- Framtíðarsýn og markmið Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024 á sviði atvinnu og nýsköpunar, menningar og umhverfismála.